



Til skipulags- og umhverfisstjórnar

Kópavogi, 1. júlí 2026

26042886/501.00 BR

Efni: Umsögn vegna erindis um skilvirkni og framkvæmd götuhreinsunar í Kópavogi

Á fundi skipulags- og umhverfisstjórnar var erindi um skilvirkni og framkvæmd götuhreinsunar í Kópavogi vísað til umhverfisstjórnar.

Erindið fjallaði um víðtækari ráðstafanir við að koma í veg fyrir að ökutæki sé lagt í götur á meðan götusópun fari fram. Vísað var til fyrirkomulags erlendis þar sem ökutækjum er bannað að leggja í götur á meðan sópun fer fram.

Eins og fram kom í erindinu er tilkynnt um götusópun með sms skeytum til íbúa og með uppsetningu á skiltum áður en götuhreinsun fer fram. Þessi aðferð er ekki gallalaus þar sem sms skeytin berast aðeins til hluta íbúa, þeirra sem hafa skráð símanúmer í símanúmera grunni 1819 en ekki til þeirra sem þar eru ekki skráðir. Skiltin hafa þann annmarka að þau eru sett upp með eins til tveggja daga fyrirvara og tilkynna um að sópun sé fyrirhuguð á ákveðnum degi en ekki er hægt að tímasetja sópun nákvæmlega þar sem of margar breytur geta haft áhrif á. Svo sem ástand gatna (meiri óhreinindi meiri tími í sópun), umferð, fjarlægð losunarstaðar frá sópunargötum, bilanir o.s.frv. Eigendur ökutækja freistast því oft til að leggja í götur í skemmri tíma sem þá getur verið sá tími sem sópun fer fram. Einnig eru einhverjir ökumenn sem kæra sig kollótta um hvort gata verði sópuð eða ekki og leggja við götukant hvort sem er.

Í umferðarlögum nr. 77/2019 eða lögreglusamþykkt fyrir Kópavog nr. 675/2015 eru engar heimildir fyrir tímabundnu banni við bifreiðastöðum á ökutækjum. Í lögreglusamþykkt er heimild til að banna stöðu eftirvagna og tengivagna, s.s. hestaflutningavagna, hjólhýsa, dráttarkerra, báta og þess háttar tækja sem og húsbíla, á götum og almennum bifreiðastæðum, en engar heimildir til að banna stöðu ökutækja sem eru undir 5 tonnum að leyfðri heildarþyngd.

Erfitt gæti verið að framfylgja slíku banni ef heimildir vanta. Án heimilda yrði slíkt bann einungis tilmæli sem er sá háttur sem hafður er í dag. Hægt væri að endurorða orðalag á skiltum og sms-skeytum þar sem í staðinn fyrir að fólk væri vinsamlegast beðið um að leggja ekki í götur yrði það orðað að bannað væri að leggja í götur þó það væri ekki hægt að framfylgja því banni með viðurlögum.

Til að tímasetja sópun nákvæmara en er í dag, t.d. til að hægt sé að láta koma fram að gata verði sópuð á ákveðnum tíma dagsins, þyrfti að láta mann og bíl fylgja



götusóp og tímasetja fram í tímann. Til þess þyrfti að heimild fyrir tímabundnu stöðugildi og ökutæki í þjónustumiðstöð

Virðingarfyllt,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar

